



Lagt fyrir 66. fund öldungaráðs 4. apríl 2022
MSS21120013
RÁ/bm

Svar

Viðtakandi: Öldungaráð
Sendandi: Regína Ásvaldsdóttir

Efni: Svar vegna félagsstarfs fullorðinna

Á fundi öldungaráðs þann 7. mars 2022 var lögð fram svohljóðandi fyrirspurn:

Það kemur fram í skýrslu um aukna starfsemi og þjónustu í félagsstarfi fullorðinna sumarið 2020 vegna COVID-19 fyrir árið 2020, að velferðarsvið hafi óskað eftir að fá að nota óráðstafað fé upp á 15.000.000 kr. árið eftir. Ekki kemur fram í skýrslu fyrir árið 2021 hvort sú viðbótarupphæð hafi einnig verið til ráðstöfunar til viðbótar því fjármagni sem fékkst það ár. Þó skýrslurnar séu um margt vandaðar, þá finnst okkur þó skorta nákvæmari upplýsingar um einstök verkefni sem velferðarsvið kaus að verja þessu auka fjármagni til í þessi tvö ár. Því óskum við svara við eftirfarandi spurningum:

- 1. Yfir hvaða tímabil náði hvert verkefni fyrir sig?*
- 2. Hvað var styrkupphæðin há fyrir hvert verkefni fyrir sig?*
- 3. Hversu mikið var varið af styrkjunum í umsýslukostnað, eins og verkefnastjórn, auglýsingar o.sv.frv. ?*
- 4. Í skýrslunum kemur fram að hvorugt árið var styrkupphæð fullnýtt. Af styrktarfénu var óráðstafað 15.000.000 kr. árið 2020 og um 11.500.000 kr. árið 2021. Er þetta fé enn til ráðstöfunar og hvernig mun þessu afgangsfé verða varið?*

Svar:

Þann 18. júní 2020 fékk velferðarsvið Reykjavíkurborgar úthlutað styrk að upphæð 25 m.kr. frá félagsmálaráðuneytinu. Styrknum var ætlað að auka við starfsemi og þjónustu í félagsstarfi fullorðinna sumarið 2020 umfram hefðbundið sumarstarf. Um 10 m.kr. var ráðstafað í viðbótarverkefni sumarsins. Skýrslu um verkefnin var skilað til félagsmálaráðuneytisins þann 29. september 2020 ásamt beiðni um heimild til að fullnýta þær 15 m.kr. sem eftir voru af styrknum. Þann 12. október 2020 samþykkti félagsmálaráðuneytið beiðni velferðarsviðs Reykjavíkurborgar um að fullnýta styrkinn, til viðbótarverkefna í félagsstarfi veturinn 2020-2021.

Eftir að samþykki félagsmálaráðuneytisins fékkst fyrir því að fullnýta þann styrk sem óráðstafað var eftir sumarið 2020 til viðbótarverkefna í félagsstarfi fullorðinna veturinn 2020-2021 þá var 8 m.kr. ráðstafað þann veturinn. Velferðarsvið kaus að verja auka fjármagni veturinn 2020-2021 í eftirfarandi verkefni:

Hreyfing- jafnvægi- styrk á tímabilinu 1.nóvember 2020 – 30.apríl 2021 að upphæð kr. 4.050.000 og dansleikfimi á tímabilinu 1. október 2021 - 31. janúar 2022 að upphæð kr. 4.050.000.

Þetta voru þau verkefni sem höfðuðu hvað mest til markhópsins og höfðu verið vinsælust um sumarið. Samkomutakmarkanir vegna COVID-19 settu hömlur á framkvæmd félagsstarfins og ekki náðist að nýta meira af styrkfénu um veturinn. Þeim 7 m.kr. sem eftir stóðu var síðan ráðstafað til viðbótar því styrkfé sem félagsmálaráðuneytið veitti sumarið 2021 og þar með var afgangsfjárhæðin frá árinu 2020 nýtt að fullu.

Frekari upplýsingar um framkvæmd verkefnanna má sjá í hjálagðri skýrslu velferðarsviðs Reykjavíkurborgar um nýtingu styrks til viðbótarverkefna í félagsstarfi fullorðinna veturinn 2020-2021.

Þann 5. maí 2021 fékk velferðarsvið úthlutað styrk kr. 27.570.600 vegna félagsstarfs sumarið 2021. Styrknum var ætlað að auka við starfsemi og þjónustu í félagsstarfi fullorðinna sumarið 2021 umfram hefðbundið sumarstarf. 16 m.kr. var ráðstafað um sumarið en ekki náðist að fullnýta styrkinn innan tímaramma verkefnisins. Skýrslu um verkefnin var skilað til félagsmálaráðuneytisins þann 29. janúar 2022. Þá var jafnframt send beiðni til félagsmálaráðuneytisins um heimild til að fullnýta þær 11,5 m.kr sem ekki hafði verið ráðstafað. Svar við beiðninni barst þann 24. mars 2022 þar sem heimild er veitt til að fullnýta styrkinn. Styrkfénu verður ráðstafað til viðbótarverkefna í félagsstarfi fullorðinna á árinu 2022 og með því haldið áfram að ná til þeirra sem hafa einangrast eða eiga á hættu að einangrast vegna COVID-19.

Sumarið 2020, veturinn 2020 – 2021 og veturinn 2021-2022 greiddi velferðarsvið laun verkefnastjóra á velferðarsviði sem tók að sér umsýslu verkefnisins. Sumarið 2021 voru laun verkefnastjóra greidd af styrkfé alls kr. 2.330.7854. Kostnaður vegna auglýsingar sem greidd var af styrkfé sumarið 2021 var kr. 34.720.

Fylgiskjöl:

Skýrsla velferðarsviðs Reykjavíkurborgar um nýtingu styrks til viðbótarverkefna í félagsstarfi fullorðinna veturinn 2020-2021



Skýrsla

frá Reykjavíkurborg um aukna starfsemi og þjónustu í
félagsstarfi fullorðinna veturinn 2020 - 21 vegna COVID-19

Maí 2021



Reykjavíkurborg

Inngangur

Þegar skýrslu frá Reykjavíkurborg um aukna starfsemi og þjónustu í félagsstarfi fullorðinna sumarið 2020 vegna COVID-19 var skilað til ráðuneytistins þann 29. september 2020 óskaði velferðarsvið Reykjavíkurborgar á sama tíma eftir áframhaldandi samstarfi við Félagsmálaráðuneytið. Styrkveitingin hafði gert starfsfólki félagsmiðstöðva velferðarsviðs kleift að ná til flestra þeirra sem fyrir Covid-19 faraldurinn höfðu stundað félagsstarfið en höfðu einangrast. Einnig þeirra sem einangruðust vegna skorts á tæknilæsi og fólks sem ekki hafði áður stundað félagsstarfið. Eldri borgurum og öryrkjum hafði með styrknum verið gert kleift að taka þátt í vönduðum og góðum námskeiðum og viðburðum um sumarið, en þar sem ekki hafði tekist að ráða niðurlögum á Covid-19 faraldrinum og eldri borgarar og öryrkjar voru enn í hættu á að einangrast félagslega óskaði velferðarsvið eftir því að fá heimild til að halda áfram með nokkur verkefni síðastliðinn vetur og ráðstafa þeim 15 milljónum króna sem eftir voru af styrknum. Í bréfi dags. 12. október 2020 samþykkti Félagsmálaráðuneytið beiðni Reykjavíkurborgar um að fullnýta styrkinn til viðbótarverkefna í félagsstarfi fullorðinna veturinn 2020-2021 og halda þannig áfram að ná til þeirra sem hafa einangrast eða eiga á hættu að einangrast vegna COVID-19.

Framkvæmd og mat á árangri

Samkomutakmarkanir

Samkomutakmarkanir vegna faraldursins settu sitt mark á framkvæmd verkefnisins. Þann 31. október heimiluðu sóttvarnaryfirvöld að einungis 10 manns mættu koma saman í einu og þá var ekki hægt að halda úti hópastarfi á félagsmiðstöðvunum og ekki unnt að framreiða heitan mat í mótuneytum þeirra. Þann 13. janúar kom ný reglugerð og við það breyttust fjöldatakmarkanir úr 10 í 20 manns. Þá var hægt að opna mótuneytin á félagsmiðstöðvum og fólk gat borðað í hollum á fyrirfram ákveðnum tímum. Ákvörðun var tekin að opna fyrir hópastarf að nýju og fyrst þá var hægt að byrja á námskeiðunum sem fyrirhuguð höfðu verið að nýta styrkinn í. Þann 24. febrúar kom ný reglugerð og þá var 50 manns heimilt að koma saman. Mánuði seinna eða þann 25. mars var sett ný reglugerð sem aftur heimilaði einungis 10 manns í rými. Þá þurfti að loka mótuneytum en í ljósi mikillar ánægju með námskeiðin var ákveðið að halda áfram með námskeiðin en innan ramma samkomutakmarkana. Þann 15. apríl var síðan aftur gefin heimild fyrir 20 manns í rými, þá gátu fleiri gátu þátt í námskeiðunum og mótuneytin opnuðu að nýju. Í ljósi ofangreinda aðstæðna var framkvæmdin og mæting þátttakenda á þessum mismundandi tímabilum fyrir áhrifum af takmörkunum vegna Covid-19.

Framkvæmdin

Þegar ljóst var að hægt væri að halda áfram með umfram virknina var ákveðið að bjóða upp á þau námskeið sem höfðaði hvað mest til markhópsins og höfðu verið hvað vinsælust um sumarið. Eftirfarandi námskeið og viðburðir áttu sér stað í vetur. Hér er gert grein fyrir inntaki þeirra, fjölda þátttakanda og kynjaskiptingu þeirra.

Hreyfing- jafnvægi- styrkur

«Námskeið úti og inni undir leiðsögn sjúkraþjálfara. Stöðvaþjálfun, jafnvægisæfingar, æfingar á dýnu og teygjur»

Námskeiðin hófust í febrúar 2021, þegar aðstæður í samfélaginu leyfðu. Kennslan var í höndum fjögurra sjúkraþjálfara hjá Hæfi endurhæfingu. Sjúkraþjálfararnir fóru aðra hverja viku á hverja félagsmiðstöð, alls níu sinnum á hvern stað. Æfingarnar voru byggðar á Jafnvægisskala Berg og hugað var að því að þátttakendur fengju fjölbreytta tíma en alltaf væri boðið upp á jafnvægis- og styrktaræfingar. Þjálfunin hafði það markmið að auka styrk, jafnvægi og liðleika. Auk þess voru sjúkraþjálfararnir með fræðslu um mikilvægi hreyfingar og góðrar líkamsbeitingar svo þátttakendur gætu betur tileinkað sér hreyfingu og framkvæmt æfingar sjálfir. Þátttakan var almennt góð, fólk ánægt og duglegt að leita ráða vegna ýmsa kvilla. Heildarfjöldi þátttakenda var 760 manns. Konur voru í miklum meirihluta eða 85 % á móti 15 % karla. Þess ber að geta að margir mættu oftari en einu sinni og voru þeir þá taldir aftur.

Dansleikfimi

«Dansleikfimi sérsniðin fyrir eldri borgara, dansinn eflir félagsfærni, líkamslæsi og fólk safnar kröftum í gegnum hreyfingu og tónlist»

Dansleikfimi með Auði Hörpu fór fram í 17 félagsmiðstöðvum í vetur á níu vikna tímabili. Hver tími stóð yfir í um það bil hálf tíma. Þátttakendur dönsuðu saman við skemmtilega tónlist undir leiðsögn Auðar. Markmið tímanna var að auka þol, styrk, jafnvægi og leikgleði. Prógramið var hannað út frá mismunandi getu þátttakenda og var því bæði í boði að dansa sitjandi í stól eða standandi. Þátttaka var mjög góð og mikil ánægja með tímana. Yfir tímabilið dönsuðu alls 1499 manns. Konur voru í miklum meirihluta eða 89,4 % á móti 10,6 % karla. Þess ber að geta að margir mættu oftari en einu sinni og voru þeir þá taldir aftur.

Árangur átaksins

Margar úttektir og rannsóknir þ.á.m. nýlega bandarísk rannsókn sýna glögglega að tengsl eru á milli einmannaleika og þunglyndis á meðal eldri borgara og að takmarkanir vegna Covid-19 faraldursins hafa haft neikvæð áhrif á geðheilsu þeirra og lífsgæði,¹. Því var ánægjulegt að sjá hvað námskeiðin höfðu jákvæð áhrif á þá eldri borgara sem sóttu námskeiðin og var það mikið tilhlökkunarefni meðal þeirra að samkomutakmörkum myndi léttast og hægt var að taka þátt að nýju. Dansinn var vinsæll og einnig var mikil ánægja með leikfimi sjúkraþjálfana. Kenndar voru æfingar sem miðuðu að því að fólk gæti gert æfingarnar heima og var sérstaklega vel látið af því. Rúmlega 8 mkr. af styrknum voru nýttar í til verkefnisins og því er enn tæplega 7 mkr. hans óráðstafað. Það fjármagn mun verða fullnýtt í verkefni sumarsins en vonandi munu samkomutakmarkanir vera á þann veg að hægt að bjóða áfram upp á námskeið og ýmis konar virkni án þeirra hamlana sem veiran setti á virkni vetrarins.

¹ Krendl AC, Perry BL. **The impact of sheltering-in-place during the COVID-19 pandemic on older adults' social and mental well-being.** *J Gerontol B Psychol Sci Soc Sci.* 2020.

Niðurlag

Eldri borgarar og öryrkjar er sá hópur sem hafa orðið fyrir hvað mestum áhrifum af Covid-19 faraldrinum. Þrátt fyrir að flestir þeirra séu nú orðin bólusettir fyrir veirunni þarf áfram að gæta að sóttvörum og félagslegri heilsu þeirra. Af þeim sökum er mikilvægt að leggja áfram aukna áherslu á frístundaiðkun, geðrækt, hreyfingu og forvarnir með það að markmiði að auka lífsgæði og heilbrigði, fyrirbyggja og draga úr félagslegri einangrun þeirra. Vegna samkomutakmarka var ekki hægt að nýta allan styrkinn í vetur en velferðarsvið Reykjavíkurborgar mun halda áfram þeirri góðu vinnu sem hófst í síðastliðið sumar og fullnýta hann með þeim viðbótarstyrk sem nýlega var veittur af hálfu ráðuneytisins fyrir sumarið og fram á haust. Mikil þörf er á að auka og efla félagsstarfið enn frekar og ná til þeirra sem vegna faraldursins hafa einangrast. Með styrknum er hægt að standa fyrir ýmis konar virkni sem gleður og endurnærir.